

**RÍKJARÁÐSTEFNA UM AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS
OG EVRÓPUSAMBANDSINS**

**Fyrsta ráðstefna á stigi aðalsamningamanns
Brussel, 19. október 2011**

**Ávarp Stefáns Hauks Jóhannessonar,
aðalsamningamanns og formanns samninganefndar Íslands**

1. Inngangsorð

Fundarstjóri,

háttvirtu fulltrúar aðildarríkja og

framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Það er mér sönn ánægja að vera hér í dag á fyrstu ríkjaráðstefnu á stigi aðalsamningamanns um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Ég vil þakka pólsku formenskunni fyrir að skipuleggja fundinn sem sendir mikilvæg skilaboð um að aðildarviðræðum við Ísland miði vel áfram með tilliti til efnisvinnunnar. Ég vil jafnframt þakka aðildarríkjum ESB og framkvæmdastjórninni fyrir þeirra undirbúning við opnun kaflanna tveggja sem eru á dagskrá ráðstefnunnar í dag.

Tæpir fjórir mánuðir eru liðnir frá síðustu ríkjaráðstefnu sem fram fór á ráðherrastigi. Á þeim tíma hefur eftirfarandi þróun orðið á Íslandi sem er mikilvæg aðildarviðræðunum:

- Okkur miðar jafnt og þétt áfram í viðræðunum eftir því sem rýniskýrslur eru samþykktar í ráðherraráðinu og samningsafstaða einstakra kafla er lögð fram af hálfu Íslands. Stefnt er að því að opna umtalsverðan fjölda samningskafla í desember.

- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) samþykkti hinn 26. ágúst 2011 sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands. Ísland varð þar með fyrsta ríkið til að útskrifast úr slíkri áætlun eftir alþjóðafjármálakreppuna sem skall á í október 2008. Það eru enn mál sem taka þarf á, til dæmis gjaldeyrishöft. Í því máli eigum við samstarf við framkvæmdastjórn ESB.
- Vegna þátttöku okkar í EES og Schengen höldum við áfram að samræma löggjöf okkar á þessum sviðum eins og staðfest var í nýlegri framvinduskýrslu.
- Við höldum áfram undirbúningi að gerð áætlana eins og óskað er í **kafla 11** um landbúnað og dreifbýlisþróun, og **kafla 22** um byggðastefnu.

Nýlega var gefin út skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um stækkunarstefnu ESB og helstu áskoranir 2011-2012 og með henni framvinduskýrsla um Ísland fyrir árið 2011. Við erum ánægð með skýrsluna sem staðfestir að Ísland er nú þegar samofið ESB á margvíslegan hátt á grunni rótgróinslýðræðis og aðildar okkar að EES og Schengen.

Í framvinduskýrslunni er sérstaklega tiltekið að skoðanir eru skiptar á Íslandi um aðild að ESB. Hins vegar eru sterkar vísbendingar um að traustur meirihlutastuðningur sé við ferlið. Eins og utanríkisráðherra hefur áður lýst yfir mun margt velja á efni aðildarsamningsins sjálfs og þróuninni í Evrópu. En þið getið verið fullviss um að íslensk stjórnvöld munu áfram vinna markvisst að ferlinu.

Í dag munum við opna tvo kafla til viðbótar í aðildarviðræðunum; kafla 2 um frjálsa för vinnuafls og kafla 7 um hugverkarétt. Þetta eru fimmti og sjötti kaflinn sem opnaðir eru frá því aðildarviðræður hófust og þar af hefur tveimur verið lokað til bráðabirgða. Að mínu mati er þetta góður árangur og traustur grunnur fyrir áframhaldandi starf.

2. Samningaviðræður um eftirfarandi kafla:

- **Frjáls för vinnuafls (kafla 2)**
- **Hugverkaréttur (kafla 7)**

Ég leyfi mér að víkja stuttlega að afstöðu Íslands í þessum köflum. Þið hafið þegar fengið samningsafstöðu okkar.

Ísland hefur tekið yfir nær allt regluverkið í þessum tveimur köflum og hefur þegar starfað samkvæmt því í yfir 17 ár, enda falla kaflarnir að öllu leyti undir EES-samninginn. Stofnana- og lagaramminn er til staðar til að framkvæma skuldbindingar okkar. Ísland mun áfram fylgjast með þróun regluverksins á þessum sviðum og mun hafa innleitt allar útistandandi reglur við aðild. Ísland fellst á regluverkið í þessum köflum, fer ekki fram á neinar undanþágur eða aðlögunartímabil, og mun halda innleiðingu þess áfram.

Nokkur orð um hvorn kafla um sig:

Íslendingar hafa um langt skeið notið góðs af reglunum í **kafla 2 um frjálsa för vinnuafis**. Þetta svið snertir borgarana okkar beint; það gefur fólki, sérstaklega unga fólkinu okkar, tækifæri til að freista gæfunnar og starfa í Evrópu. Á síðastliðnum 17 árum hefur evrópskt vinnuafli einnig notið sömu réttinda á Íslandi og Íslendingar njóta í Evrópu. Reglurnar tryggja að réttindi launþega á vinnumarkaði, þ. á m. réttur til heilbrigðisþjónustu, atvinnuleysisbóta og félagslegra réttinda, er verndaður óháð því hvar unnið er. Sömu réttindi eru einnig veitt fjölskyldumeðlimum.

Kafla 7 um hugverkarétt hefur gagnast fyrirtækjum okkar afar vel og eru þær samræmdu reglur sem þar eru að finna mikilvægur þáttur meginreglunnar um frjálst vörufiæði. Innleiðing reglugerða ESB um vörumerki innan sambandsins annars vegar og hönnun hins vegar mun tengja Ísland við kerfi sem verndar og skráir vörumerki og hönnun innan ESB. Nú þegar er íslensk löggjöf í góðu samræmi við regluverk ESB á þessu sviði. Að því er varðar þau tvö atriði sem eru útistandandi sér Ísland engin vandkvæði við samræmingu við regluverkið, innleiðingu þess og beitingu við aðild. Jafnframt munum við veita upplýsingar um framvindu innleiðingar þeirra reglna sem ekki hafa þegar verið innleiddar.

Þar sem frekari samningaviðræðna er ekki þörf í þessum tveimur köflum, er það mér sönn ánægja að fallast á lokun þeirra til bráðabirgða. Þetta er vitnisburður um það hversu samræmdar reglurnar á Íslandi eru regluverki ESB á sviði frjálsrar farar vinnuafis og hugverkaréttar.

3. Lokaorð

Herra formaður,

Við höfum náð góðum árangri. Framundan eru hins vegar ögrandi verkefni sem felast í viðræðum og lausnum um flókin atriði. Það er mikilvægt að halda áfram dampi í viðræðunum.

Utanríkisráðherra hefur lýst vilja Íslands til þess að opna alla 33 efniskaflana áður en formennsku Dana lýkur 1. júlí 2012. Með það í huga hefur Ísland að markmiði að opna umtalsverðan fjölda kafla á ríkjaráðstefnunni á ráðherrastigi í desember á þessu ári og þá kafla sem eftir standa í formennsku Dana á fyrri hluta árs 2012. Að auki munum við halda áfram undirbúningi áætlana sem óskað hefur verið eftir í köflum 11 og 22. Utanríkisráðherra, ég sjálfur, og allt íslenska teymið erum staðráðin í að gera okkar allra besta til að þetta megi takast. Ég vil einnig ítreka óskir utanríkisráðherra um að þeir kaflar sem bíða erfiðra samningaviðræðna verði opnaðir sem allra fyrst, til að við höfum tíma til að komast að niðurstöðu sem er hagfelld báðum samningsaðilum.

Ég vil þakka pólsku formenskunni og öðrum aðildarríkjum ESB sem og framkvæmdastjórninni fyrir mikla vinnu og aðstoð. Í mínum huga er enginn vafi á því að við munum í sameiningu geta náð góðum árangri á ríkjaráðstefnunni í enda þessa árs, og þannig byggt góðan grunn fyrir framhald vinnunnar í dönsku formenskunni á fyrri hluta 2012 og þeirri kypversku á seinni hluta þess árs.

Takk fyrir, herra formaður.